

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1089/2010

2012/EES/67/05

frá 23. nóvember 2010

## um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar rekstrarsamhæfi landgagnasafna og -þjónustu (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2007/2/EB er mælt fyrir um almennar reglur sem miða að því að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu. Samkvæmt þeirri grunngerð skulu aðildarríkin gera þau gagnasöfn, sem varða einn eða fleiri af viðaukunum við tilskipun 2007/2/EB, ásamt samsvarandi landgagnaþjónustu, aðgengileg í samræmi við tæknilega tilhögun rekstrarsamhæfisins og, þegar slíkt er gerlegt, samræmingu landgagnasafna og -þjónustu.
- 2) Tæknilega tilhögunin tekur tillit til viðeigandi þarfa notenda, sem leiddar voru í ljós með könnun hjá hagsmunaaðilum á þörfum notenda og með greiningu á viðmiðunarefni sem lagt var fram, á viðkomandi umhverfisstefnu Sambandsins og á þeim stöfum eða starfsemi sem gæti haft áhrif á umhverfið.
- 3) Framkvæmdastjórnin gerði greiningu á raunhæfi tæknilegu tilhögunarinnar, sem og því á hvort líklegur kostnaður væri hóflegur miðað við ávinning, og var sú greining byggð á niðurstöðum skýrslna um prófanir frá hagsmunaaðilum, svörum frá tengiliðum aðildarríkjanna við beiðni um upplýsingar vegna kostnaðar og ávinnings, og gögnum úr rannsóknum aðildarríkjanna um kostnað og ávinning grunngerðar landgagna á svæðisvísu.
- 4) Fulltrúar aðildarríkjanna, sem og aðrir einstaklingar og lögaðilar sem hafa hagsmuni af landgögnunum, þ.m.t. notendur, framleiðendur, veitendur virðisaukandi þjónustu eða hvers konar samræmingaraðilar, fengu tækifæri til að taka þátt í gerð draga að tæknilega fyrirkomulaginu með milligöngu tilnefndra sérfræðinga og til að meta drögin að framkvæmdarreglunum á vettvangi samráðs við hagsmunaaðila og prófana.

- 5) Aþjórðlegir staðlar skulu samþættir hugtökum og skilgreiningum á stökunum í landgagnaþemunum sem talin eru upp í I., II. eða III. viðauka tilskipunar 2007/2/EB til að ná fram rekstrarsamhæfi og til að njóta ávinnings af viðleitni samfélaga/hópa notenda og framleiðenda, þegar við á.
- 6) Aðildarríkin skulu uppfylla kröfurnar um almennar gagnagerðir, auðkenningu landhluta, lýsigögn vegna rekstrarsamhæfis, stofnrænt netlíkan (e. *generic network model*), og önnur hugtök og reglur sem gilda um öll landgagnaþema, til að tryggja rekstrarsamhæfi og samræmingu landgagnaþema.
- 7) Aðildarríkin skulu nota þær flokkanir og skilgreiningar á landhlutum, lykileigindum þeirra og tengihlutverkum, gagnategundum, gildamengjum og sértækum reglum sem gilda um hvert landgagnaþema, til að tryggja rekstrarsamhæfi og samræmingu innan eins tiltekins landgagnaþema.
- 8) Þar sem þessi reglugerð felur ekki í sér kóðaskrárgildin sem krafist er vegna framkvæmdar hennar skal reglugerðin ekki koma til framkvæmda fyrr en gildin eru samþykkt sem lagagerningur. Því er við hæfi að að fresta beitingu þessarar reglugerðar.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 22. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

**Efni**

Í þessari reglugerð eru settar fram kröfur um tæknilegt fyrirkomulag rekstrarsamhæfis og, þegar slíkt er gerlegt, samræmingar landgagnasafna og landgagnaþjónustu sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB.

2. gr.

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka, sem og sértækra þemaskilgreininga sem sett eru fram í II. viðauka, sem hér segir:

1. „hugræn tegund“ (e. *abstract type*): tegund sem ekki er hægt að beita eintekningu á en getur haft eigindir og gegnt tengihlutverki,

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 323, 8.12.2010, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 63, 8.11.2012, bls. 21.

(1) Stjtið. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1.

2. „tengihlutverk“ (e. *association role*): gildi eða hlutur sem tegund hefur tengsl við eins og um getur í b-lið 2. mgr. 8. gr tilskipunar 2007/2/EB,
3. „eigind“ (e. *attribute*): eiginleikar tegundar eins og um getur í c-lið 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2007/2/EB,
4. „valtegunð“ (e. *candidate type*): tegund sem þegar er notuð sem hluti forskriftar á landgagnaþema í I. viðauka við tilskipun 2007/2/EB en sem fær fulla forskrift í landgagnaþemanu í II. eða III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB með því þema sem hún tilheyrir,
5. „kóðaskrá“ (e. *code list*): opinn tilvicalisti sem bæta má við,
6. „gagnategund“ (e. *data type*) mengi gilda sem ekki hafa fengið auðkenni, í samræmi við ISO-staðal 19103,
7. „tilvicalisti“ (e. *enumeration*): tilvik gagnategundar sem mynda fasta skrá nefndra, nákvæmra gilda. Eigindir tegundar sem hefur tilvicalista mega aðeins fá gildi sitt af þeirri skrá,
8. „ytra kennimerki hlutar“ (e. *external object identifier*): einkvæmt kennimerki sem er birt af stofnunni sem ber þá ábyrgð og sem utanaðkomandi hugbúnaður getur notað sem tilvísun í landhlutinn,
9. „kennimerki“ (e. *identifier*): röð tákna sem er óháð tungumáli og getur auðkennt það sem hún er tengd við á einkvæman og endanlegan hátt, í samræmi við EN ISO-staðal 19135,
10. „eintekning“ (e. *instantiate*): sköpun hlutar sem er í samræmi við skilgreiningu, eigindir, tengihlutverk og skorður sem tilgreindar eru fyrir einteknu tegundina,
11. „lag“ (e. *layer*): grunneining landfræðilegra upplýsinga sem netþjónn kann að óska eftir í formi korts, í samræmi við EN ISO-staðal 19128,
12. „upplýsingar um vistferil“ (e. *life-cycle information*): mengi eiginleika landhlutar sem lýsir tímaháðum eiginleikum landhlutar eða breytingunum milli gerða landhluta,
13. „lýsigagnastak“ (e. *metadata element*): stök eining af lýsigögnum, í samræmi við EN ISO-staðal 19115,
14. „pakki“ (e. *package*): almennt kerfi til að flokka stök í hópa,
15. „skrá“ (e. *register*): mengi skráa sem innihalda kennimerki sem gefin hafa verið atriðum með lýsingum á tengdum atriðum, í samræmi við EN ISO-staðal 19135,
16. „landhlutartegund“ (e. *spatial object type*): flokkun á landhlutum,

17. „mát“ (e. *style*): vörpun landhlutartegunda og eiginleika þeirra og skorða yfir á stikatakn sem notuð eru við kortagerð,
18. „undirtegund“ (e. *sub-type of*): tengsl sértækari tegunda og almennari tegunda ef sértækari tegundin er í fullu samræmi við almennari tegundina og felur í sér viðbótarupplýsingar, á grundvelli ISO-staðals 19103,
19. „tegund“ (e. *type*): landhlutartegund eða gagnategund,
20. „ógildanlegur“ (e. *voidable*): gefa má færni á gildinu „ógildur“ fyrir eigind eða tengihlutverk ef ekki er til neitt samsvarandi gildi í landgagnasöfnunum sem er viðhaldið af aðildarríkjunum eða ef ekki má leiða samsvarandi gildi af núverandi gildum með eðlilegum tilkostnaði. Ef eigind eða tengihlutverk er ekki ógildanlegt er sá reitur í töflunni hafður auður.

### 3. gr.

#### Sameiginlegar tegundir

Tegundir sem eru sameiginlegar nokkrum af þemunum sem skráð eru í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB skulu vera í samræmi við þær skilgreiningar og skorður, og fela í sér þær eigindir og tengihlutverk, sem sett eru fram í I. viðauka.

### 4. gr.

#### Tegundir til miðlunar og flokkunar landhluta

1. Aðildarríkin skulu nota landhlutartegundirnar og tilheyrandi gagnategundir, tilvicalista og kóðaskrár sem skilgreindar eru í II. viðauka til miðlunar og flokkunar á landhlutum úr gagnasöfnum sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

2. Landhlutartegundir og gagnategundir skulu vera í samræmi við skilgreiningarnar og skorðurnar, og fela í sér þær eigindir og tengihlutverk, sem sett eru fram í II. viðauka.

3. Tilvicalistarnir sem eru notaðir vegna eiginda og tengihlutverka landhlutartegunda eða gagnategunda skulu vera í samræmi við skilgreiningarnar og fela í sér gildin sem sett eru fram í II. viðauka. Tilvicalistagildin eru mállega hlutlausir minnishjálparkóðar fyrir tölvur.

4. Kóðaskrárnar sem eru notaðar vegna eiginda og tengihlutverka landhlutartegunda eða gagnategunda skulu vera í samræmi við skilgreiningarnar og fela í sér gildin sem sett eru fram í II. viðauka.

## 5. gr.

**Tegundir**

1. Að því er varðar hverja tegund, sem er skilgreind í þessari reglugerð, skal gefa upp mállega hlutlaust heiti fyrir tölvur innan sviga í titli kaflans þar sem tilgreindar eru kröfurnar vegna viðkomandi tegundar. Við skilgreiningu eigindar eða tengihlutverks skal nota mállega hlutlausa heitið sem tilvísun í tegundina sem svarar til þess.
2. Tegundir sem eru undirtegund annarrar tegundar skulu einnig fela í sér allar eigindir og tengihlutverk þeirrar tegundar.
3. Hugrænar tegundir skulu ekki beittar eintekningu.
4. Meðan á þróun krafa fyrir landgagnaþemu stendur skulu valtegundir sem tilheyra því þema teknar til athugunar. Meðan á þeirri þróun stendur er rýmkun eina leyfilega breytingin á forskrift valtegundarinnar.

## 6. gr.

**Kóðaskrár og tilvicalistar**

1. Kóðaskrár skulu vera af annarri af eftirfarandi tegundum, eins og tilgreint er í II. viðauka:
  - a) kóðaskrár sem höfð er umsjón með í sameiginlegri kóðalistaskrá og sem aðildarríkin skulu ekki bæta við,
  - b) kóðaskrár sem aðildarríkin mega bæta við.
2. Ef aðildarríki bætir við kóðaskrá skulu leyfð gildi kóðaskrárinnar, sem bætt hefur verið við, gerð aðgengileg í skrá.
3. Eigindir eða tengihlutverk landhlutartegunda eða gagnategunda sem hafa kóðaskrárttegund mega einungis fá gildi sem eru tæk samkvæmt umsjónarskrá kóðaskrárinnar.
4. Eigindir eða tengihlutverk landhlutategunda eða gagnategunda sem hafa tilvicalistategund mega aðeins fá gildi sem eru í skránum sem eru tilgreindar fyrir þá tilvicalistategund.

## 7. gr.

**Kóðun**

1. Sérhver kóðunarregla sem er notuð til að kóða landgögn skal vera í samræmi við EN ISO-staðal 19118. Einkum skal hún tilgreina umbreytingarreglur lýsinga fyrir allar landhlutartegundir, fyrir allar eigindir og tengihlutverk og fyrir skipan frálagsgagna.
2. Gera skal aðgengilega sérhverja kóðunarreglu sem er notuð til að kóða landgögn.

## 8. gr.

**Uppfærslur**

1. Aðildarríkin skulu gera gagnauppfærslur aðgengilegar með reglulegu millibili.
2. Allar uppfærslur skulu gerðar eigi síðar en 6 mánuðum eftir að breytingin á grunnagnasafninu tók gildi, nema tilgreint sé annað tímabil fyrir tiltekið landgagnaþema í II. viðauka.

## 9. gr.

**Umsjón kennimerkja**

1. Gagnategundin „kennimerki“, sem skilgreind er í lið 2.1. í I viðauka, skal notuð sem tegund fyrir ytra kennimerki hlutar þegar um landhlut er að ræða.
2. Ytra kennimerki hlutar fyrir einkvæma auðkenningu landhluta skal ekki breytt á vistferli landhlutar.

## 10. gr.

**Vistferill landhluta**

1. Þegar mismundandi útgáfur af sama landhlut koma fyrir skal alltaf líta á þær sem tilvik sömu landhlutartegundar.
2. Eigindirnar „namespace“ og „localId“ í ytra kennimerki hlutar skulu vera óbreyttar fyrir mismunandi útgáfur landhlutar.
3. Ef eigindirnar „beginLifespanVersion“ og „endLifespanVersion“ eru notaðar skal gildi „endLifespanVersion“ ekki liggja á undan gildi „beginLifespanVersion“.

## 11. gr.

**Tímaviðmiðunarkerfi**

1. Sjálfgefna tímaviðmiðunarkerfið sem um getur í 5. lið B-hluta viðaukans við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2008 <sup>(2)</sup> skal notað ef ekki eru tilgreind önnur tímaviðmiðunarkerfi fyrir tiltekin landgagnaþema í II. viðauka.
2. Ef önnur tímaviðmiðunarkerfi eru notuð skal það tekið fram í lýsigögnum gagnasafnsins.

## 12. gr.

**Aðrar kröfur og reglur**

1. Gildamengi landeiginleika sem eru skilgreindir í þessari reglugerð skal bundið við staðgerðarlýsingar með frumfitjum (e. *Simple Feature*) í skilningi EN ISO-staðals 19125-1, nema annað sé tekið fram fyrir tiltekið landgagnaþema eða landgagnategund.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 326, 4.12.2008, bls. 12.

2. Öll mæligildi skulu gefin upp í SI-einingum nema annað sé tekið fram fyrir tiltekið landgagnaþema eða landgagnategund.
3. Ef eigindirnar „validFrom“ og „validTo“ eru notaðar skal gildi „validTo“ ekki liggja á undan gildi „validFrom“.
4. Auk þess gilda allar sértækar, þemabundnar kröfur, sem settar eru fram í II. viðauka.

13. gr.

#### Tilskilin lýsigögn vegna rekstrarsamhæfis

Lýsigögnin sem eru notuð til lýsingar á landgagnasafni skulu fela í sér eftirfarandi lýsigagnastök, sem eru tilskilin vegna rekstrarsamhæfis:

1. Viðmiðunarhnitakerfi: Lýsing á viðmiðunarhnitakerfinu, eða -kerfunum, sem notuð eru í gagnasafninu.
2. Tímaviðmiðunarkerfi: Lýsing á tímaviðmiðunarkerfinu, eða -kerfunum, sem notuð eru í gagnasafninu.

Þetta stak er aðeins skyldubundið ef landgagnasafnið inniheldur tímaháðar upplýsingar sem miðast ekki við sjálfgefna tímaviðmiðunarkerfið.

3. Kóðun: Lýsing á byggingu tölvumálsins sem tilgreinir birtingu gagnahluta í færslu, skrá, skilaboðum, geymslubúnaði eða sendirás.
4. Grannfræðileg samkvæmni: Réttleiki beint kóðaðra staðfræðilegra eiginleika gagnasafnsins eins og lýst er með sviðinu.

Þetta stak er aðeins skyldubundið ef gagnasafnið inniheldur tegundir úr stofnræna netlíkaninu og tryggir ekki grennd miðlínu (tengjanleika miðlína) fyrir netkerfið.

5. Kóðun stafa Stafakóðun sem notuð er í gagnasafninu.

Þetta stak er aðeins skyldubundið ef kóðunin sem er notuð byggist ekki á UTF-8.

14. gr.

#### Birting

1. Við birtingu landgagnasafna með skoðunarþjónustu netkerfis, eins og tilgreint er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 976/2009 <sup>(3)</sup>, skal eftirfarandi vera aðgengilegt:

- a) lögin sem tilgreind eru í II. viðauka fyrir þemað, eða þemun, sem gagnasafnið tengist,
  - b) minnst sjálfgefið birtingarmát með að lágmarki tengdum titli og einkvæmu kennimerki fyrir hvert lag.
2. Í II. viðauka er eftirfarandi skilgreint fyrir hvert lag:
    - a) titill lagsins sem nota skal til birtingar á notendaviðmóti, á formi sem er læsilegt manneskjum,
    - b) landhlutartegundin, eða landhlutartegundirnar, sem mynda efni lagsins.

15. gr.

#### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 15. desember 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2010.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 9.

## I. VIÐAUKI

## SAMEIGINLEGAR TEGUNDIR

1. TEGUNDIR SEM SKILGREINDAR ERU Í EVRÓPSKUM OG ALÞJÓÐLEGUM STÖÐLUM
  1. Fyrir tegundirnar „Area“, „Boolean“, „CharacterString“, „DateTime“, „Distance“, „Integer“, „Length“, „Measure“, „Number“, „Sign“ og „Velocity“, sem eru notaðar við skilgreiningar á eigindum og tengihlutverkum landhlutartegunda eða gagnategunda, skulu skilgreiningarnar sem gefnar eru upp í ISO-staðli 19103 gilda.
  2. Fyrir tegundirnar „GM\_Curve“, „GM\_MultiSurface“, „GM\_Object“, „GM\_Point“, „GM\_Primitive“ og „GM\_Surface“, sem eru notaðar í landfræðilegum eigindum eða tengihlutverkum landhlutartegunda eða gagnategunda, skulu skilgreiningarnar sem gefnar eru upp í ISO-staðli 19107 gilda.
  3. Fyrir tegundina „TM\_Period“, sem er notuð við skilgreiningar á eigindum eða tengihlutverkum landhlutartegunda eða gagnategunda, skulu skilgreiningarnar sem gefnar eru upp í ISO-staðli 19108 gilda.
  4. Fyrir tegundina „TM\_Period“, sem er notuð við skilgreiningar á eigindum eða tengihlutverkum landhlutartegunda eða gagnategunda, skulu skilgreiningarnar sem gefnar eru upp í ISO-staðli 19115 gilda.
  5. Fyrir tegundirnar „LocalisedCharacterString“ og „URI“, sem eru notaðar við skilgreiningar á eigindum eða tengihlutverkum landhlutartegunda eða gagnategunda, skulu skilgreiningarnar sem gefnar eru upp í ISO-staðli 19139 gilda.
2. SAMEIGINLEGAR GAGNATEGUNDIR
  - 2.1. **Kennimerki (Identifier)**

Einkvæmt ytra kennimerki hlutar sem er birt af stofnunni sem ber þá ábyrgð og sem utanaðkomandi hugbúnaður getur notað sem tilvísun í landhlutinn.

**Eigindir kennimerkis gagnategundarinnar „Identifier“**

Eigind	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
localId	Staðbundið kennimerki sem gagnaveitandi gefur. Staðbundna kennimerkið er einkvæmt innan nafnarýmisins (e. <i>namespace</i> ), þ.e. enginn annar landhlutur ber sama einkvæma kennimerkið.	CharacterString	
namespace	Nafnarými sem auðkennir á einkvæman hátt gagnalind landhlutarins.	CharacterString	
versionId	Kennimerki tiltekinnar útgáfu af landhlutnum, að hámarki 25 stafir. Ef forskrift landhlutartegundar með ytra kennimerki hlutar felur í sér upplýsingar um vistferil, skal aðgreina mismunandi útgáfur af landhlut með kennimerki útgáfunnar. Kennimerki útgáfunnar er einkvæmt innan mengis allra útgáfa af landhlut.	CharacterString	voidable

**Skorður gagnategundarinnar „Identifier“**

Í eigindunum „localId“ og „namespace“ skulu aðeins notuð eftirfarandi mengi stafa: {{‘A’ ... ‘Z’, ‘a’ ... ‘z’, ‘0’ ... ‘9’, ‘\_’, ‘.’, ‘-’}}, þ.e. einungis eru leyfðir stafir úr latneska stafrófinu, tölustafir, undirstrik, punktur og bandstrik.

3. SAMEIGINLEGIR TILVIKALISTAR
  - 3.1. **Lóðrétt staða (VerticalPositionValue)**

Afstæð, lóðrétt staðsetning landhlutar

**Leyfð gildi fyrir tilvikalistann „VerticalPositionValue“**

Gildi	Skilgreining
onGroundSurface	Landhluturinn er á jörðu niðri.
suspendedOrElevated	Landhluturinn er hangandi eða hækkaður.
underground	Landhluturinn er neðanjarðar.

## 4. SAMEIGINLEGAR KÓÐASKRÁR

4.1. **Ástand búnaðar (ConditionOfFacilityValue)**

Ástand búnaðar með tilliti til notkunar hans og þess hvort hann er fullgerður.

Umsjón þessarar kóðaskrár skal vera í sameiginlegri kóðalistaskrá.

4.2. **Landskóði (CountryCode)**

Landskóði eins og skilgreint er í sameiginlegum ritleiðbeiningum milli stofnana sem gefnar eru út af útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins.

## 5. STOFNRÆNT NETLÍKAN

5.1. **Landhlutartegundir**5.1.1. *Millivísun (CrossReference)*

Birtir tilvísun milli tveggja staka í sama netkerfi.

**Tengihlutverk landhlutartegundarinnar „CrossReference“**

Tengihlutverk	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
element	Stökin sem vísað er á milli	NetworkElement	

5.1.2. *Alhæfður hlekkur (GeneralisedLink)*

Hugræn grunntegund (e. base type) sem birtir línulegt stak í netkerfi sem hægt er að nota sem mark í línulegri viðmiðun.

Þessi tegund er undirtegund „NetworkElement“.

Þessi tegund er hugræn.

5.1.3. *Þverun mislægra flata (GradeSeparatedCrossing)*

Vísir um hvort af tveimur eða fleiri stökum sem skerast er neðar og hvor ofar; notaður ef ekki eru tiltæk hnit eða ef þeim er ekki treystandi.

Þessi tegund er undirtegund „NetworkElement“.

**Tengihlutverk landhlutartegundarinnar „GradeSeparatedCrossing“**

Tengihlutverk	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
element	Röð hlekkja sem skerast. Röðin sýnir hæð þeirra þar sem fyrsti hlekkurinn er lægri hlekkurinn.	Link	

5.1.4. *Hlekkur (Link)*

Boglinudregið netstak sem tengir tvær staðsetningar og birtir einsleita slóð í netkerfinu. Setja má fram tengdu staðsetningarnar með hnútum (e. *node*).

Þessi tegund er undirtegund „GeneralisedLink“.

Þessi tegund er hugræn.

**Eigindir landhlutartegundarinnar „Link“**

Eigind	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
centrelineGeometry	Rúmfræðileg framsetning miðlínu hlekksins.	GM_Curve	
fictitious	Vísir um að rúmfræðileg miðlína hlekksins sé bein lína án viðmiðunarpunkta inn á milli – nema beina línan sé viðeigandi framsetning á landfræðinni miðað við upplausn gagnasafnsins.	Boolean	

**Tengihlutverk landhlutartegundarinnar „Link“**

Tengihlutverk	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
endNode	valkvæð endahnúta fyrir þennan hlekk. Endahnútan getur verið sama tilvik og upphafshnútan.	Node	
startNode	valkvæð upphafshnúta fyrir þennan hlekk.	Node	

5.1.5. *Röð hlekkja (LinkSequence)*

Netstak sem birtir samfellda slóð, án nokkurra greina, í netkerfinu. Stakið hefur skilgreint upphaf og lok og hver staðsetning á hlekkjaröðinni er auðgreinanleg með einum stika, s.s. lengd.

Þessi tegund er undirtegund „GeneralisedLink“.

Þessi tegund er hugræn.

**Eigindir landhlutartegundarinnar „LinkSequence“**

Eigind	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
link	Safn raðaðra stefnuhlekkja sem mynda hlekkjaröðina.	DirectedLink	

5.1.6. *Hlekkjamengi (LinkSet)*

Safn hlekkjaraða og/eða stakra hlekkja sem hefur tiltekið hlutverk eða merkingu í netkerfi.

Þessi tegund er undirtegund „NetworkElement“.

Þessi tegund er hugræn.

**Tengihlutverk landhlutartegundarinnar „LinkSet“**

Tengihlutverk	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
link	Mengi hlekkjanna og hlekkjaraðanna sem mynda hlekkjamengið.	GeneralisedLink	

5.1.7. *Netkerfi (Network)*

Netkerfi er safn netstaka.

**Eigindir landhlutartegundarinnar „Network“**

Eigind	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
geographicalName	Örnefni þessa netkerfis.	GeographicalName	voidable

**Tengihlutverk landhlutartegundarinnar „Network“**

Tengihlutverk	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
elements	Safn stakanna sem mynda netkerfið.	NetworkElement	

5.1.8. *Netsvæði (NetworkArea)*

Tvívíður þáttur í netkerfi.

Þessi tegund er undirtegund „NetworkElement“.

Þessi tegund er hugræn.

**Eigindir landhlutartegundarinnar „NetworkArea“**

Eigind	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
geometry	Birtir rúmfræðilega eiginleika svæðisins.	GM_Surface	

5.1.9. *Tenging netkerfa (NetworkConnection)*

Birtir röktengingu milli tveggja eða fleiri netstaka í mismunandi netkerfum.

Þessi tegund er undirtegund „NetworkElement“.

**Eigindir landhlutartegundarinnar „NetworkConnection“**

Eigind	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
type	Flokkun tengingar netkerfisins.	ConnectionTypeValue	voidable

**Tengihlutverk landhlutartegundarinnar „NetworkConnection“**

Tengihlutverk	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
element	Netstök í mismunandi netkerfum	NetworkElement	

**Skorður landhlutartegundarinnar „NetworkConnection“**

Öll stökin skulu vera í mismunandi netkerfum

5.1.10. *Netstak (NetworkElement)*

Hugræn grunntegund sem birtir stak í netkerfi. Hvert stak í netkerfi uppfyllir eitthvert hlutverk sem er í þágu netkerfisins.

Þessi tegund er hugræn.



**Eigindir landhlutartegundarinnar „NetworkElement“**

Eigind	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
beginLifespanVersion	Dagsetning og tími þegar þessi útgáfa landhlutarins var sett inn eða henni breytt í landgagnasafninu.	DateTime	voidable
endLifespanVersion	Dagsetning og tími þegar þessari útgáfu landhlutarins var skipt út eða hún tekin úr landgagnasafninu.	DateTime	voidable
inspireId	Ytra kennimerki landhlutarins.	Identifier	

**Tengihlutverk landhlutartegundarinnar „NetworkElement“**

Tengihlutverk	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
inNetwork	Netkerfin sem netstak er hluti af.	Network	voidable

5.1.11. *Eiginleiki netkerfis (NetworkProperty)*

Hugræn grunntegund sem birtir fyrirbæri sem eru staðsett á eða meðfram netstaki. Þessi grunntegund leggur til almenna eiginleika til að tengja fyrirbærin, sem tengjast netkerfinu (neteiginleika), við netstökin.

Þessi tegund er hugræn.

**Eigindir landhlutartegundarinnar „NetworkProperty“**

Eigind	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
beginLifespanVersion	Dagsetning og tími þegar þessi útgáfa landhlutarins var sett inn eða henni breytt í landgagnasafninu.	DateTime	voidable
endLifespanVersion	Dagsetning og tími þegar þessari útgáfu landhlutarins var skipt út eða hún tekin úr landgagnasafninu.	DateTime	voidable
inspireId	Ytra kennimerki landhlutarins.	Identifier	
networkRef	Rúmfræðileg viðmiðun eiginleika sem tengjast netkerfi.	NetworkReference	voidable

5.1.12. *Hnúta (Node)*

Birtir marktæka staðsetningu í netkerfinu sem kemur alltaf fyrir í upphafi eða við lok hlekks.

Þessi tegund er undirtegund „NetworkElement“.

Þessi tegund er hugræn.

**Eigindir landhlutartegundarinnar „Node“**

Eigind	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
geometry	Staðsetning hnútunnar.	GM_Point	

**Tengihlutverk landhlutartegundarinnar „Node“**

Tengihlutverk	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
spokeEnd	Hlekkirnir sem fara inn í hnútuna.	Link	voidable
spokeStart	Hlekkirnir sem fara út úr hnútunni.	Link	voidable

5.2. **Gagnategundir**5.2.1. *Stefnuhlekkur (DirectedLink)*

Hlekkur sem hefur annaðhvort jákvæða eða neikvæða stefnu.

**Eigindir gagnategundarinnar „DirectedLink“**

Eigind	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
direction	Gefur upplýsingar um hvort stefnuhlekkurinn er í samræmi (positive) eða ósamræmi (negative) við jákvæða stefnu hlekkisins.	Sign	

**Tengihlutverk gagnategundarinnar „DirectedLink“**

Tengihlutverk	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
link	Hlekkurinn	Link	

5.2.2. *Miðun við hlekk (LinkReference)*

Netkerfisviðmiðun við línulegt netstak.

Þessi tegund er undirtegund „NetworkReference“.

**Eigindir gagnategundarinnar „LinkReference“**

Eigind	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
applicableDirection	Stefna alhæfða hlekkisins sem miðað er við. Ef eiginleiki á ekki við um <i>til</i> (e. <i>to</i> ) stefnu á hlekk en birtir fyrirbæri <i>meðfram</i> (e. <i>along</i> ) hlekk er „inDirection“ miðun við hægri hlið í stefnu hlekkisins.	LinkDirectionValue	voidable

**Skorður gagnategundarinnar „LinkReference“**

Mörk fyrir línulegar viðmiðanir verða að vera línuleg netstök. Með öðrum orðum skal mark netkerfisviðmiðunarinnar vera hlekkur eða hlekkjaröð ef línuleg viðmiðun er notuð, eða ef stefnan skiptir máli.

5.2.3. *Netkerfisviðmiðun (NetworkReference)*

Miðun við netstak.

**Tengihlutverk gagnategundarinnar „NetworkReference“**

Tengihlutverk	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
element	Netstakið sem er viðmiðun.	NetworkElement	

5.2.4. *Einföld, línuleg viðmiðun (SimpleLinearReference)*

Netkerfisviðmiðun sem skorðast við hluta af línulegu netstaki. Sá hluti netstaksins er hlutinn á milli „fromPosition“ og „toPosition“.

Þessi tegund er undirtegund „LinkReference“.

**Eigindir gagnategundarinnar „SimpleLinearReference“**

Eigind	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
fromPosition	Upphafsstaðsetning línulega staksins, gefin upp sem lengdin frá upphafi línulega netstaksins á rúmfræðilegum ferli þess.	Length	
offset	Hliðrun frá rúmfræðilegri miðlínu alhæfða hlekksins, eftir atvikum; jákvæð hliðrun er til hægri í stefnu hlekksins, neikvæð hliðrun er til vinstri.	Length	voidable
toPosition	Lokastaðsetning línulega staksins, gefin upp sem lengdin frá upphafi línulega netstaksins á rúmfræðilegum ferli þess.	Length	

5.2.5. *Einöld punktvíðmiðun (SimplePointReference)*

Netkerfisvíðmiðun sem skorðast við punkt á línulegu netstaki. Punkturinn er staðsetning netstaksins á staðsetningunni „atPosition“ í netkerfinu.

Þessi tegund er undirtegund „LinkReference“.

**Eigindir gagnategundarinnar „SimplePointReference“**

Eigind	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
atPosition	Staðsetning punktsins, gefin upp sem lengdin frá upphafi línulega netstaksins á rúmfræðilegum ferli þess.	Length	
offset	Hliðrun frá rúmfræðilegri miðlínu alhæfða hlekksins, eftir atvikum; jákvæð hliðrun er til hægri í stefnu hlekksins, neikvæð hliðrun er til vinstri.	Length	voidable

5.3. **Kóðaskrár**5.3.1. *Tegund tengingar (ConnectionTypeValue)*

Tegundir tenginga milli mismunandi netkerfa.

Umsjón þessarar kóðaskrár skal vera í sameiginlegri kóðalistaskrá.

5.3.2. *Stefna hlekks (LinkDirectionValue)*

Skrá gilda fyrir stefnur sem tengjast hlekki.

Umsjón þessarar kóðaskrár skal vera í sameiginlegri kóðalistaskrá.

## II. VIÐAUKI

## KRÖFUR VEGNA LANDGAGNAÞEMA SEM SKRÁÐ ERU Í I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2007/2/EB

## 1. VIÐMIÐUNARHNITAKERFI

## 1.1. Skilgreiningar

Auk skilgreininganna sem settar eru fram í 2. gr. er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „viðmið“ (e. *datum*): stiki, eða mengi stika, sem skilgreinir staðsetningu upphafspunkts, kvarða og stefnu hnitakerfis, í samræmi við EN ISO-staðal 19111,
- „viðmið í landmælingu“ (e. *geodetic datum*): viðmið sem lýsir tengslum hnitakerfis og jarðarinnar, í samræmi við EN ISO-staðal 19111,
- „hnitakerfi“ (e. *coordinate system*): mengi stærðfræðireglna sem tilgreina hvernig hnit eru tengd punktum, í samræmi við EN ISO-staðal 19111,
- „viðmiðunarhnitakerfi“ (e. *coordinate reference system*): hnitakerfi sem tengist raunheiminum með viðmiði, í samræmi við EN ISO-staðal 19111. Þessi skilgreining nær yfir viðmiðunarhnitakerfi sem byggjast á landmælingahnitum eða kartesíusarhnitum og hnitakerfum sem byggjast á kortvörpun.
- „kortvörpun“ (e. *map projection*): breyting á hnitum úr landmælingahnitakerfi yfir í flöt, byggð á gagnkvæmum tengslum, í samræmi við EN ISO-staðal 19111,
- „samsett viðmiðunarhnitakerfi“ (e. *compound coordinate reference system*): viðmiðunarhnitakerfi sem notar tvö önnur óháð viðmiðunarhnitakerfi til að lýsa staðsetningu, annað fyrir lárétta hlutann og hinn fyrir lóðrétta hlutann, í samræmi við EN ISO-staðal 19111,
- „hnitakerfi í landmælingu“ (e. *geodetic coordinate system*): hnitakerfi þar sem staðsetning er tilgreind með breiddargráðu, lengdargráðu og (ef notuð er þrívídd) sporvöluhæð, í samræmi við EN ISO-staðal 19111.

## 1.2. Viðmið fyrir þrívíð og tvívíð viðmiðunarhnitakerfi

Fyrir þrívíð og tvívíð viðmiðunarhnitakerfi og láréttan hluta samsettra viðmiðunarhnitakerfa, sem notuð eru til að gera landgagnasöfn aðgengileg, skal viðmiðið vera viðmið evrópska viðmiðunarkerfisins 1989 (e. *European Terrestrial Reference System 1989, ETRS89*) á svæðum sem eru innan landfræðilegs gildissviðs þess, eða viðmið alþjóðlega viðmiðunarkerfisins (e. *International Terrestrial Reference System, ITRS*) eða annarra hnitakerfa fyrir landmælingar, sem eru í samræmi við alþjóðlega viðmiðunarkerfið, á svæðum sem eru utan landfræðilegs gildissviðs evrópska viðmiðunarkerfisins. Samræmi við alþjóðlega viðmiðunarkerfið merkir að skilgreining kerfisins er byggð á skilgreiningu alþjóðlega viðmiðunarkerfisins og að það eru vel skráð tengsl milli kerfanna beggja, samkvæmt EN ISO-staðli 19111.

## 1.3. Viðmiðunarhnitakerfi

Landgagnasöfn skulu gerð aðgengileg með notkun minnst eins af viðmiðunarhnitakerfunum sem tilgreind eru í liðum 1.3.1, 1.3.2 og 1.3.3, nema eitt af skilyrðunum sem tilgreind eru í lið 1.3.4 eigi við.

## 1.3.1. Þrívíð viðmiðunarhnitakerfi

- Þrívíð kartesíusarhnit sem byggð eru á viðmiði sem tilgreint er í lið 1.2. og notar stikana fyrir sporvölu í viðmiðunarkerfinu fyrir landmælingar frá 1980 (e. *Geodetic Reference System 1980*).
- Þrívíð hnit fyrir landmælingar (breiddargráða, lengdargráða, og sporvöluhæð) sem byggð eru á viðmiði sem tilgreint er í 1.2 og notar stika úr sporvölu viðmiðunarkerfis fyrir landmælingar frá 1980.

## 1.3.2. Tvívíð viðmiðunarhnitakerfi

- Tvívíð hnit fyrir landmælingar (breiddargráða og lengdargráða) sem byggð eru á viðmiði sem tilgreint er í 1.2 og þar sem notast er við stika úr sporvölu viðmiðunarkerfis fyrir landmælingar frá 1980.
- Flatarhnit fengin með stefnuhornsjafnflatarvörpun Lamberts í evrópska viðmiðunarkerfinu.

- Flatarhnit fengin með hornsannri keiluvörpun Lamberts í evrópska viðmiðunarkerfinu.
- Flatarhnit fengin með þverstæðu Mercator í evrópska viðmiðunarkerfinu.

### 1.3.3. *Samsett viðmiðunarhnitakerfi*

1. Í tilviki lárétta hlutarins í samsettu viðmiðunarhnitakerfi skal nota eitt af viðmiðunarhnitakerfunum sem tilgreind eru í lið 1.3.2.
2. Í tilviki lóðrétta hlutans skal nota eitt af eftirfarandi viðmiðunarhnitakerfum:
  - Nota skal evrópska hæðarkerfið (e. *European Vertical Reference System (EVRS)*) fyrir lóðrétta hlutann á landi til að gefa upp þyngdarafstengda hæð innan landfræðilegs gildissviðs þess. Nota skal önnur hæðarkerfi tengd þyngdarafstengda jarðar til að gefa upp þyngdarafstengda hæð á svæðum sem eru utan landfræðilegs gildissviðs evrópska hæðarkerfisins.
  - Í tilviki lóðrétta hlutans sem er í tómu andrúmslofti skal nota loftþrýsting, sem breytt hefur verið í hæð samkvæmt ISO-staðli 2533:1975, þar sem fjallað er um málloft.

### 1.3.4. *Önnur viðmiðunarhnitakerfi*

Ef notuð eru önnur viðmiðunarhnitakerfi en þau sem skráð eru í liðum 1.3.1, 1.3.2 eða 1.3.3 má gera eftirfarandi undantekningar:

1. Tilgreina má önnur viðmiðunarhnitakerfi fyrir tiltekin landgagnaþemu í þessum viðauka.
2. Aðildarríkin mega skilgreina viðeigandi viðmiðunarhnitakerfi fyrir svæði utan meginlands Evrópu.

Landmælingakóðarnir og -stikarnir sem þarf til að lýsa þessum viðmiðunarhnitakerfum og til að hægt sé að framkvæma umbreytingar- og vörpunaraðgerðir skulu skráðir og kennimerki búið til, samkvæmt EN ISO-staðli 19111 og ISO-staðli 19127.

## 1.4. **Viðmiðunarhnitakerfi sem notuð eru í skoðunarþjónustu netkerfis**

Viðmiðunarhnitakerfi a.m.k. tvívíðra landhnita (breiddargráða, lengdargráða) skulu vera aðgengileg við birtingu á landgagnasöfnum með skoðunarþjónustu netkerfis eins og tilgreint er í reglugerð nr. 976/2009.

## 1.5. **Kennimerki viðmiðunarhnitakerfa**

1. Umsjón stika og kennimerkja viðmiðunarhnitakerfa skal höfð í einni eða fleirum sameiginlegum skrá fyrir viðmiðunarhnitakerfi.
2. Aðeins skal nota kennimerki sem eru í sameiginlegri skrá til vísunar í viðmiðunarhnitakerfin sem skráð eru í þessum lið.

## 2. **LANDFRÆÐILEG REITAKERFI**

### 2.1. **Skilgreiningar**

Auk skilgreininganna sem settar eru fram í 2. gr. er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „reitanet“ (e. *grid*): net sem samanstendur af tveimur eða fleiri mengjum ferla þar sem ferlarnir í hverju mengi skera ferlana í hinum mengjunum á algrímskan (e. *algorithmic*) hátt.

- „netreitur“ (e. *grid cell*): reitur sem afmarkast af reitaferlum,
- „netpunktur“ (e. *grid point*): punktur sem er á skurðpunkti tveggja eða fleiri ferla í reitakerfi.

## 2.2. Reitanet

Nota skal reitanetið sem er tilgreint í lið 2.2.1 í Inspire-áætluninni nema eitthvert af skilyrðunum sem tilgreind eru í lið 2.2.2 eigi við.

### 2.2.1. Reitanet fyrir samevrópska svæðisgreiningu og skýrslugjöf

Reitanetið sem er skilgreint í þessum lið skal notað sem landviðmiðunarkerfi þar sem þörf er á netreitum með föstum og ótvírætt skilgreindum staðsetningum jafnflatarreita.

Reitanetið er byggt á stefnuhornsjafnflatarvörpun Lamberts í evrópska viðmiðunarkerfinu (ETRS89-LAEA) þar sem vörpunarmiðjan er í punktinum 52° N, 10° A og fölsk austun  $x_0 = 4321000$  m, fölsk norðun  $y_0 = 3210000$  m.

Upphafspunktur reitanetsins fellur saman við fálsta upphafspunktinn í stefnuhornsjafnflatarvörpun Lamberts í evrópska viðmiðunarkerfinu ( $x=0$ ,  $y=0$ ).

Netpunktar reitaneta sem byggjast á stefnuhornsjafnflatarvörpun Lamberts í evrópska viðmiðunarkerfinu skulu falla saman við netpunkta reitanetsins.

Reitanetið er stigskipt með upplausnum 1 m, 10 m, 100 m, 1000 m, 10000 m and 100000 m.

Afstaða reitanetsins er suður-norður, vestur-austur.

Tiltekið reitanet er „Grid\_ETRS89-LAEA“. Stærð reitsins (e. *cell*) í metrum fylgir til auðkenningar á hverju upplausnarstigi.

Viðmiðunarpunktur netreits skal vera neðst í vinstra horni netreitsins.

Nota skal reitakóða, samsettan úr stærð reitsins og hnitum hans, til ótvíræðrar viðmiðunar og auðkenningar á netreit, neðst í vinstra horni deildarinnar í stefnuhornsjafnflatarvörpun Lamberts í evrópska viðmiðunarkerfinu. Stærð reitsins skal gefin upp í metrum (m) fyrir reiti allt að 100 m eða kílómetrum (km) fyrir reiti sem eru 1000 metrar eða stærri. Deilt skal í gildi fyrir norðan og austan með  $10^n$  þar sem  $n$  er fjöldi núlla sem fylgja gildi reitstærðarinnar.

### 2.2.2. Önnur reitanet

Ef notuð eru önnur reitanet en þau sem tilgreind eru í lið 2.2.1 má gera eftirfarandi undantekningar:

1. Tilgreina má önnur reitanet fyrir tiltekin landgagnaþemu sem um getur í þessum viðauka. Ef gögnum er miðlað með slíkum þemasértækum reitanetum skulu notaðir staðlar þar sem skilgreiningin á reitanetinu kemur annað hvort fram í gögnunum eða vísað er til hennar.
2. Aðildarríki mega skilgreina eigin reitanet fyrir netviðmið svæða utan meginlands Evrópu á grundvelli reitanets til landmælinga, sem er í samræmi við alþjóðlega viðmiðunarkerfið og stefnuhornsjafnflatarvörpun Lamberts og byggir á sömu meginreglum og mælt er fyrir um fyrir reitanetið sem er tilgreint í lið 2.2.1. Í því tilvikum skal búið til kennimerki fyrir viðmiðunarhnitakerfið.

## 3. ÖRNEFNI

### 3.1. Landhlutartegundir

Nota skal eftirfarandi landhlutartegundir til miðlunar og flokkunar á landhlutum úr gagnasöfnum sem tengjast landgagnaþemanu „örnefni“:

- Nefndur staður

3.1.1. *Nefndur staður (NamedPlace)*

Öll rauneinindi (*e. real world entity*) sem er vísað til með einu eða fleiri sérheitum.

**Eigindir landhlutartegundarinnar „NamedPlace“**

Eigind	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
beginLifespanVersion	Dagsetning og tími þegar þessi útgáfa landhlutarins var sett inn eða henni breytt í landgagnasafninu.	DateTime	voidable
endLifespanVersion	Dagsetning og tími þegar þessari útgáfu landhlutarins var skipt út eða hún tekin úr landgagnasafninu.	DateTime	voidable
geometry	Rúmfræði sem tengist nefnda staðnum. Þessi gagnaforskrift setur ekki skorður á rúmfræðitegundir.	GM_Object	
inspireId	Ytra kennimerki landhlutarins.	Identifier	
leastDetailedViewingResolution	Upplausn, gefin upp sem andhverfa viðmiðunarkvarða eða fjarlægðar, og fyrir ofan hana skal nefndi staðurinn og heitið, eða heitin, sem tengjast honum ekki lengur sjáft í grunnskoðunarþjónustu.	MD_Resolution	voidable
localType	Lýsing á eiginleikum eininda sem eru auðkennd með örnefni, eða örnefnum, í skilningi gagnaveitanda, á minnst einu opinberu tungumáli Evrópusambandsins.	LocalisedCharacter-String	voidable
mostDetailedViewingResolution	Upplausn, gefin upp sem andhverfa viðmiðunarkvarða eða fjarlægðar, og fyrir neðan hana skal nefndi staðurinn og heitið, eða heitin, sem tengjast honum ekki lengur sjáft í grunnskoðunarþjónustu.	MD_Resolution	voidable
name	Heiti nefnda staðarins.	GeographicalName	
relatedSpatialObject	Kennimerki landhlutar sem birtir sömu einindi en birtist í öðrum þemum Inspire-áætlunarinnar, eftir því sem við á.	Identifier	voidable
type	Lýsing á eiginleikum gerðar eininda sem eru auðkennd með örnefni.	NamedPlaceTypeValue	voidable

3.2. **Gagnategundir**3.2.1. *Örnefni (GeographicalName)*

Sérheiti sem rauneinindi er gefið.

**Eigindir gagnategundarinnar „GeographicalName“**

Eigind	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
grammaticalGender	Málfræðileg formdeild nafnorða sem birtist í beygingu tengdra orða (kyn).	GrammaticalGender-Value	voidable
grammaticalNumber	Málfræðileg formdeild nafnorða sem notuð er til að greina milli eintölu og fleirtölu (tala).	GrammaticalNumber-Value	voidable
language	Tungumálið sem heitið er á, gefið upp sem þriggja stafa kóði, í samræmi við ISO-staðal 639-3 eða ISO-staðal 639-5.	CharacterString	voidable
nameStatus	Eigindlegar upplýsingar sem gera kleift að greina hvort treysta megi heitinu með tilvísun til staðlaðrar notkunar þess og/eða upplýsingagildis.	NameStatusValue	voidable
nativeness	Upplýsingar sem gera kleift að greina hvort heitið er það sem er/var notað á svæðinu þar sem landhluturinn er staðsettur á því augnabliki sem heitið er/var í notkun.	NativenessValue	voidable
pronunciation	Viðeigandi, réttur eða staðlaður (staðlaður innan málsamfélagsins sem um er að ræða) framburður ornefnisins.	PronunciationOfName	voidable
sourceOfName	Gagnalindin sem ornefnið var upprunalega tekið úr og fellt inn í gagnamengið sem veitir það/birtir það. Fyrir suma nefnda landhluti getur það vísað aftur til birta gagnamengisins ef ekki er gefið færi á neinum öðrum upplýsingum.	CharacterString	voidable
spelling	Réttur ritháttur ornefnisins.	SpellingOfName	

3.2.2. *Framburður heitis (PronunciationOfName)*

Viðeigandi, réttur eða staðlaður (staðlaður innan málsamfélagsins sem um er að ræða) framburður heitis.

**Eigindir gagnategundarinnar „PronunciationOfName“**

Eigind	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
pronunciationIPA	Viðeigandi, réttur eða staðlaður (staðlaður innan málsamfélagsins sem um er að ræða) framburður heitis, gefinn upp með alþjóðlega hljóðritunarkerfinu (e. <i>International Phonetic Alphabet (IPA.)</i> )	CharacterString	voidable
pronunciationSoundLink	Viðeigandi, réttur eða staðlaður (staðlaður innan málsamfélagsins sem um er að ræða) framburður heitis, gefinn upp með hlekk til hljóðskrár.	URI	voidable



**Skorður gagnategundarinnar „PronunciationOfName“**

Fylla þarf út minnst aðra af tveimur eigindum „pronunciationSoundLink“ og „pronunciationIPA“.

3.2.3. *Stafssetning heitis (SpellingOfName)*

Réttur ritháttur heitis.

**Eigindir gagnategundarinnar „SpellingOfName“**

Eigind	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
script	Mengi myndrænna tákna (t.d. stafróf) sem notað er til að rita heitið, gefið upp með fjögurra stafa kóðunum sem skilgreindir eru í ISO-staðli 15924, eftir því sem við á.	CharacterString	voidable
text	Ritháttur heitisins.	CharacterString	
transliterationScheme	Aðferð sem er notuð við breytingu heitanna milli mismunandi forskrifa.	CharacterString	voidable

3.3. **Kóðaskrár**3.3.1. *Málfræðilegt kyn (GrammaticalGenderValue)*

Málfræðilegt kyn örnefnis.

Umsjón þessarar kóðaskrár skal vera í sameiginlegri kóðalistaskrá.

3.3.2. *Málfræðileg tala (GrammaticalNumberValue)*

Málfræðileg tala örnefnis.

Umsjón þessarar kóðaskrár skal vera í sameiginlegri kóðalistaskrá.

3.3.3. *Staða nafns (NameStatusValue)*

Staða örnefnis, þ.e. upplýsingar sem gera kleift að greina hvaða heimildir skal gefa heitinu að því er varðar hvort það er staðlað og/eða staðbundið.

Umsjón þessarar kóðaskrár skal vera í sameiginlegri kóðalistaskrá.

3.3.4. *Tegund nefnds staðar (NamedPlaceTypeValue)*

Tegund nefnds staðar.

Umsjón þessarar kóðaskrár skal vera í sameiginlegri kóðalistaskrá.

3.3.5. *Upprunaleiki (NativityValue)*

Upprunaleiki örnefnis.

Umsjón þessarar kóðaskrár skal vera í sameiginlegri kóðalistaskrá.

3.4. **Lög****Lag fyrir örnefni landgagnaþema**

Heiti lags	Titill lags	Landhlutartegund
GN.GeographicalNames	Örnefni	NamedPlace

## 4. STJÓRNSÝSLUEININGAR

## 4.1. Landhlutartegundir

Nota skal eftirfarandi landhlutartegundir til miðlunar og flokkunar á landhlutum úr gagnasöfnum sem tengjast landgagnaþemanu „stjórnsýslueiningar“:

- Stjórnsýslumörk
- Stjórnsýslueining
- Condominium
- Svæði samkvæmt flokkun hagskýrslusvæða

4.1.1. *Stjórnsýslumörk (AdministrativeBoundary)*

Lína sem afmarkar stjórnsýslueiningar

**Eigindir landhlutartegundarinnar „AdministrativeBoundary“**

Eigind	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
beginLifespanVersion	Dagsetning og tími þegar þessi útgáfa landhlutarins var sett inn eða henni breytt í landgagnasafninu.	DateTime	voidable
country	Tveggja stafa kóði eins og skilgreint er í sameiginlegum ritleiðbeiningum milli stofnana sem gefnar eru út af útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins.	CountryCode	
endLifespanVersion	Dagsetning og tími þegar þessari útgáfu landhlutarins var skipt út eða hún tekin úr landgagnasafninu.	DateTime	voidable
geometry	Rúmfræðileg birting markalínu.	GM_Curve	
inspireId	Ytra kennimerki landhlutarins.	Identifier	
legalStatus	Réttarstaða þessara stjórnsýslumarka.	LegalStatusValue	voidable
nationalLevel	Stjórnsýslustig allra stjórnsýslueininga sem liggja að þessum mörkum.	AdministrativeHierarchyLevel	
technicalStatus	Tæknileg staða stjórnsýslumarkanna.	TechnicalStatusValue	voidable

**Tengihlutverk landhlutartegundarinnar „AdministrativeBoundary“**

Tengihlutverk	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
admUnit	Stjórnsýslueiningarnar sem eru aðskildar af þessum stjórnsýslumörkum.	administrativeUnit	voidable

4.1.2. *Stjórnsýslueining (AdministrativeUnit)*

Stjórnsýslueining þar sem aðildarríki hafa og/eða beita lögsögu að því er varðar stjórnun á staðar-, svæðis- og landsvísu.

**Eigindir landhlutartegundarinnar „AdministrativeUnit“**

Eigind	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
beginLifespanVersion	Dagsetning og tími þegar þessi útgáfa landhlutarins var sett inn eða henni breytt í landgagnasafninu.	DateTime	voidable
country	Tveggja stafa kóði eins og skilgreint er í sameiginlegum ritleiðbeiningum milli stofnana sem gefnar eru út af útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins.	CountryCode	
endLifespanVersion	Dagsetning og tími þegar þessari útgáfu landhlutarins var skipt út eða hún tekin úr landgagnasafninu.	DateTime	voidable
geometry	Rúmfræðileg birting landfræðilegs svæðis sem fellur undir þessa stjórnsýslueiningu.	GM_MultiSurface	
inspireId	Ytra kennimerki landhlutarins.	Identifier	
name	Opinbert, innlent örnefni stjórnsýslueiningarinnar, gefið upp á nokkrum tungumálum ef þörf krefur.	GeographicalName	
nationalCode	Þematískt kennimerki í samræmi við landsbundna stjórnsýslukóða sem skilgreindir eru í hverju landi.	CharacterString	
nationalLevel	Það stjórnsýslustig hjá landsbundnu stjórnvaldi sem ákvarðað er fyrir stjórnsýslueininguna.	AdministrativeHierarchyLevel	
nationalLevelName	Heiti stjórnsýslustigsins hjá landsbundnu stjórnvaldi sem ákvarðað er fyrir stjórnsýslueininguna.	LocalisedCharacterString	voidable
residenceOfAuthority	Miðstöð lands- eða staðbundinnar stjórnsýslu.	ResidenceOfAuthority	voidable

**Tengihlutverk landhlutartegundarinnar „AdministrativeUnit“**

Tengihlutverk	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
administeredBy	Stjórnsýslueining á sama stjórnsýslustigi og landsbundið stjórnvald sem stýrir þeirri stjórnsýslueiningu.	administrativeUnit	voidable
boundary	Stjórnsýslumörk milli þessarar stjórnsýslueiningar og allra eininga sem liggja að henni.	AdministrativeBoundary	voidable
coAdminister	Stjórnsýslueining á sama stjórnsýslustigi landsbundins yfirvalds sem er samstýrt af þessari stjórnsýslueiningu.	administrativeUnit	voidable
condominium	Sameiginlegt yfirráðasvæði sem er stjórnað af þessari stjórnsýslueiningu.	Condominium	voidable

Tengihlutverk	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
lowerLevelUnit	Einingar á lægra stjórnsýslustigi landsbundna stjórnvaldsins sem er stjórnað af stjórnsýslueiningunni.	administrativeUnit	voidable
NUTS	Hagskýrslusvæði sem þessi stjórnsýslueining fellur undir í grannfræðilegum skilningi.	NUTSRegion	voidable
upperLevelUnit	Eining á hærri stjórnsýslustigi landsbundna stjórnvaldsins sem þessi stjórnsýslueining stýrir.	administrativeUnit	voidable

#### Skorður landhlutartegundarinnar „AdministrativeUnit“

Tengihlutverkið „condominium“ gildir eingöngu fyrir stjórnsýslueiningar ef „nationalLevel“=„1st order“ (landsstig).

Engin eining á lágsta stigi getur tengt einingar á lægra stigi.

Engin eining á hæsta stigi getur tengt einingar á hærri stigi.

#### 4.1.3. Sameiginlegt yfirráðasvæði (Condominium)

Stjórnsýslusvæði sem er ákvarðað óháð öllum landsbundnum skiptingum á stjórnsýslu og stjórnað af tveimur eða fleiri löndum.

#### Eigindir landhlutartegundarinnar „Condominium“

Eigind	Skilgreining	Tegund	Ógildanleiki
beginLifespanVersion	Dagsetning og tími þegar þessi útgáfa landhlutarins var sett inn eða henni breytt í landgagnasafninu.	DateTime	voidable
